

Hellishólar í Fljótshlíð

Fornleifakönnun

Birna Lárusdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS140-01051
Reykjavík 2001



© Fornleifastofnun Íslands

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Löggjöf um minjavernd	4
3.	Fyrri athuganir og staðhættir	5
4.	Fornleifaskrá.....	6
5.	Niðurstöður.....	11
6.	Tillaga um aðgerðir	12

1. Inngangur

Ábúendur á Hellishólum í Fljótshlíð hafa látið deiliskipuleggja land umhverfis bæ sinn, aðallega þar sem nú er heimatún bæjarins, norðan og vestan við bæjarhúsin sjálf. Þar er nú fyrirhuguð sumarhúsabyggð auk tjaldstæða og þjónustuhúsnæðis. Í lok mars 2001 var þess farið á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði fornleifaskráningu á deiliskipulagsreitnum. Skráningin var gerð 2. apríl 2001 af Birnu Lárusdóttur en áður hafði Sædís Gunnarsdóttir safnað heimildum um fornleifar á Hellishólum. Verkið var unnið undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings. Heimildamenn voru Svanur Lárusson og Sigurborg Óskarsdóttir á Hellishólum og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

2. Löggjöf um minjavernd

Á undanförnum árum hafa verið gerða breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr.88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifa á Íslandi friðhelgar: Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...”

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þesari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkjna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, bryr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;

- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. grein þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú telur … sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.“

3. Fyrri athuganir og staðhættir

Engin fornleifakönnun hefur áður farið fram í landi Hellishóla. Svæðisskráning fyrir jörðina var gerð árin 1999-2000 sem hluti af heildarskráningu fyrir Rangárvallasýslu. Hellishólar byggðust úr landi Kirkjulækjar seint á 16. öld ef marka má Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sbr. upphaf 4. kafla. Landareignin er að mestu neðan Fljótshlíðarvegar. Hún markast af Grjótá að austan, Kvoslækjará að vestan og teygir sig alllangt niður á Aurana sem hafa myndast af framburði Markarfljóts en eru nú uppgrónir að miklu leyti. Að auki eiga Hellishólar hlut í óskiptu landi fyrir ofan Kirkjulæk og nær sú ræma allt upp í fjallið Príhyrning.

Bærinn er niðri á sléttlendi, neðan hlíðarinnar sjálfrar. Flatlendið er sundurskorið af ám og lækjum. Nokkuð er um hólbungur og töluvert móberg sést í árbökkum. Þegar sunnar dregur verður flatneskjan algjör, þar heita Aurar. Bærinn stendur nálægt norðurbakka Grjótár en hún rennur meðfram austur- og suðurhlið túnsins. Túnið sjálft er norðan og vestan við bæinn og það er einkum á því sem sumarhúsabyggð er fyrirhuguð. Túnstæðið er fremur slétt frá náttúrunnar hendi. Nokkuð var um myrlendi við það vestanvert en það hefur nú að mestu verið framræst. Myndarlegur trjáreitur er við sumarbústaði vestan túnsins en hann tilheyrir nú Hlíðarbóli. Hellishólar eiga samt sem áður land lengra til vesturs, allt að Kvoslækjará.

4. Fornleifaskrá

RA-204 Hellishólar

1710: "Er fyrst bygð fyrir stórhundrað árum eða meir, fylgdi í fyrstu austurpartinum, er síðan að eignaskiftum úrskipt." JÁM I, 158. Byggð úr landi Kirkjulækjar.

1710: "Túnum grandar mold og sandur, er á fýkur í stórvíðrum og er næsta fjórða partur þeirra eyddur." JÁM I, 158 1919: Tún 6,7 ha, 6 ha sléttáð, garðar 1479 m² "Jörðin er talin fremur góð, túnin liggja að mestu út frá bænum, töðufall er þar gott. Engjar voru góðar í Hellishólum, nú hefur þeim verið breytt í tún. Hagar eru að mestu sunnan Þverár, einnig á jörðin haga í óskiptu landi á heiðunum upp frá Kirkjulæk og er það sambeitarland með öðrum Kirkjulækjarjörðum." SB IV, 418

RA-204:001 Hellishólar bæjarhóll bústaður 63°43.472N 20°02.268V

Gamli bærinn á Hellishólum stóð 50-100 m vestar og eilítið framar en núverandi bæjarhús.

Par eru nú úтиhús, m.a. fjós en nú stendur til að breyta þessum húsum í gistiheimili. Norðan húsanna og vestan við núverandi íbúðarhús er malarplan.

Ekkert sést af gömlu bæjarhúsunum. Bæjarhóllinn er fremur aflíðandi að norðanverðu, þar tekur við slétt tún þar sem hólnum sleppir en að sunnan er hóllinn brattari. Höllinn er nokkuð ávalur og allt að 2 m hárt sé miðað við túnið norðan hans en ekki er hægt að útiloka að hólmyndun þessi sé að einhverju leyti náttúruleg. Suður af hólnum rennur Grjótá. Þess má geta að nú standa yfir breytingar á fjósi sem er á gamla bæjarhólnum. Þegar gólfíð var brotið upp komu í ljós hleðslur sem reyndar voru steyptar að einhverju leyti og því líklega ekki mjög gamlar. Áætluð stærð bæjarhóls er um 30 x 50 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1919

RA-204:002 heimild úтиhús 63°43.572N 20°02.265V

Skv. túnakorti frá 1919 stóð úтиhús um 60 m norður af bæjarhól. Sléttáð tún. Ekki sést til byggingarleifa.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



RA-204:003 tóft fjárhús
63°43.572N 20°02.265V

Tóft er um 240 m norðaustur af bæjarhól. Hún er utan gömlu túnmarkanna frá 1919 og sést því ekki á túnakorti. „Vestur og suðvestur af þessum húsum [rjómabúi og þinghúsi] er landið hærra og var kallað Höfðingjabali, á honum hafa lengi staðið fjárhús frá Hellishólum,“ segir í örnefnalýsingu. Hér hlýtur að vera átt við tóftina sem enn sést. Sléttáð tún umhverfis, vegurinn heim að bænum liggur um 100 m vestar. Um 10 m norðar er girðing sem liggur A-V. Tóftin er af fjárhúsi og snýr A-V. Hún er illa farin og veggir mjög signir, stærð alls um 5 x 13 m. Dyr hafa líklega verið að vestanverðu en meira dýpi er í austurenda, þar var hlaða. Veggir eru að mestu útfattir og

lítið sést af hleðslugrjóti, þó einna helst vestan til. Veggjahæð mest um 1 m að vestan en mikil rof er í veggjum. Húsið stóð enn að mestu þegar Svanur og Sigurborg fluttu á Hellishóla í kringum 1988 en fór illa í miklu óveðri nokkrum árum síðar, m.a. fauk þakið, sem var úr bárujárn, af húsinu.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

RA-204:004 heimild úтиhús 63°43.475N 20°02.358V

Skv. túnakorti frá 1919 stóð úтиhús um 60 m vestur af bæjarhól. Sléttáð tún norðan við Lambhúshól (014).

Engar byggingarleifar sjánlegar.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

RA-204:005 heimild úтиhús 63°43.433N 20°02.262V

Skv. túnakorti frá 1919 stóð úтиhús um 30 m norðaustur af 006. Þetta er nánast sami staður og Lambhúshóll

túnakortinu virðist sem traðir hafi legið yfir túnið síðustu 60 metrana heim að bænum. Sléttan tún. Enn sjást slitru af hleðslu fast upp við norðvestanverðan bæjarhólinn og eru það líklega síðustu leifar traðanna. Hleðslan er um 10 m löng, 1,5 m breið og 0,4 m há. Ekki sést grjót í henni. Ábúandi, Svanur Lárusson, hefur orðið var við tölувert grjót í túninu þar sem traðirnar voru þótt ekki sjái lengur móta fyrir þeim.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

RA-204:014 heimild útihús

Skv. túnakorti frá 1919 stóð útihús 160 m norðaustur af bæjarhól.

Grónir hólar og hæðir austan heimreiðar.

Nokkuð er um ójöfnur á þessum stað en engin greinileg tóft. Ekki var tekið hnít.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-204:015 *Hulduhóll* álagablettur huldufólksbústaður 63°43.486N 20°02.082V

„Vestur af bænum í Bollakoti, vestan við Grjótá er smá hóll, sem heitir Hulduhóll, var talið að hann væri bústaður huldufólks, ekki mátti slá hólinn og var því trúð að óhöpp hlytust af,“ segir í örnefnalýsingu.

Hóllinn er um 100 m austur af núverandi íbúðarhúsi, niður við Grjótá.

Láglandi við ána, hóllinn er nyrst á því, þar sem land tekur að hækka.

Hóllinn er lítt en áberandi, um 1,5 - 2 m hárr. Sökum þess hve nærrí hann stendur ánni er hann mikil rofinn að austanverðu og mold í honum þar en annars er hann grasi gróinn. Ekki er fyrirsjáanlegt að staðnum verði raskað við framkvæmdir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hellishólar, 1

RA-204:016 *Hvilft* hellir 63°43.399N 20°02.401V

Í Lambhúshól (014) er svonefnd Hvilft, en það er djúp og áberandi laut. Talið er að þar hafi áður verið hellir sem hrundi saman og sumir telja að hann hafi verið manngerður.

Lautin er algróin. Hún er fremst á hólnum og opnast til suðurs, en þar tekur við brattur bakki fram að Grjótánni. Lautin er alls um 30 x 30 m og allt að 3 m djúp þar sem hún er dýpst. Þess má geta að neðar í árbakkanum sést vel að í honum eru mikil móbergslög sem auðvelt væri að höggva í.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

RA-204:017 tóft rétt 63°43.583N 20°02.979V

„Réttamói kallast landspilda austur af gömlu Fljótshlíðarréttunum, þar var fjársafnið haft í vörslu áður og meðan réttað var á haustin,“ segir í örnefnalýsingu. Gömlu Fljótshlíðarréttir eru vestur af Hellishólum, fast upp við vestasta hluta túnsins og því raunar utan deiliskipulags.

Grónin hæð inni á sumarbústaðalóð. Lítill lækur rennur norðan rústanna. Nokkuð er um trjárækt við sumarbústaðinn en ekki hefur þó verið gróðursett í sjálfa rústina.

Geysimiklar tóftir og heillegar. Réttirnar eru alls um 40 x 30 m og hleðsluhæð veggja allt að 1,4 m. Glögglega sjást hólf þótt veggir séu nokkuð farnir að hlaupa í þúfur. Hleðslur eru algrónar og hvergi sér í grjót.

Sennilegt er að rekið hafi verið inn að austanverðu. Þar er stórt hólf á hægri hönd, um 10 x 10 m. Vestur af því er stærsta hólf rústanna, líklega almenningur, alls um 12 x 12 m að stærð. Út frá honum eru 6 eða 7 smærri dílkar, einkum að vestan og norðan. Stærð þeirra er misjöfn en allir eru þeir minni en almenningurinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hellishólar, 1

RA-204:018 *Sandgötur* gata leið 63°43.543N 20°02.108V


„Norðan við Réttamóann [sjá 017] kallast Sandgötur, þar var mikil mótekja fyrrum, þegar mór var aðal eldsneytið á heimilum,“ segir í örnefnalýsingu. Götur þessar lágu þvert yfir mitt túnið norðan Hellishóla, frá austri til vesturs. Austast lágu þær í litlu gili austan túnsins. Mótekjusvæðið er utan deiliskipulags.

Nú er túnið sléttan og ekki sést þær til gatnanna. Hins vegar sjást þær í gilinu sem er nánast beint vestur af brú yfir Grjótá, rétt hjá Bollakoti. Smátroðningar sjást í botni gilsins. Petta var talin gömul þjóðleið.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hellishólar, 1

RA-204:019 Gláma tóft býli 63°43.760N 20°03.364V
 Gláma hét býli rúman kílómetra vestur af Hellishólum, 3-400 m suðvestur af núverandi Fljótshlíðarréttum.



Það eru en tóftir, reyndar utan núverandi deiliskipulags. Um býlið segir í Jarðabók Árna og Páls: „"Glaama, fjórða Kirkjulækjar afbýli. Enginn veit að segja þess fyrstu bygð. [...] Af túninu (slægjum) brýtur á tvær síður Þverá og Krókslækjará og liggur það undir enn meiri spjöllum, jafnvel eyðileggingu.“
 Sléttur, gróinn og allt að 2 m hárr árbakki. Kvoslækjará rennur nú um 100 m vestar. 50-100 m norður af tóftinni er ónýtt fjárhús, að mestu úr steinsteypu. Tóftin stendur fremst á árbakkánum og er mjög líklegt að eitthvað hafi brotnað af henni. Hún er algróin og nokkuð sigin, stærð um 30 x 20 m. Nokkur hólf eru greinileg. Hið stærsta er norðvestast, um 4 x 4 m að innanmáli, hugsanlega heygarður. Norðaustur af því er lítil, aflöng dæld í hólinn, snýr N-S, um 4 x 1 m og mögulegt að dyr hafi verið á henni til norðurs. Par, á norðausturhorni tóftarinnar, liggur stóreflis steinn, líklega steyptur að einhverju leyti. Suður af þessu hólfi er ógreinileg dæld sem snýr N-S, um 2 x 4 m. Beint norður af stærsta hólfinu sem fyrst var nefnt eru tvö lítil hólf sam tengd alveg

við árbakkann, hvort um sig um 1 x 1 m. Ekki er útlokað að enn eitt hólf sé allra syðst en þar er rústahóllinn orðinn ógreinilegur. Að lokum er lítið hólf suðaustast, rúmlega 1 x 1 m að stærð. Hæð rústahólsins er allt að 1,5 m, hann er algróinn og hvergi sést grjót.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: JAM I, 159

RA-204:020 náma mógrafir 63°43.671N 20°03.122V
 "Grafir hétu gamlar mógrafir norðan og norðaustan við gömlu réttirnar. Smá gil er norðvestur af þessum gömlu réttum, það nefnist Grafnir," segir í örnefnalýsingu. Gilið er fast upp við vesturmörk deiliskipulagsins, aðeins um 20 m vestur af mikilli trjárækt norðan gömlu réttanna (017).
 Gilið er blautt í botni og liggur N-S. Það vottar fyrir hugsanlegum mógröfum í austurbakkánum en girðing liggur á honum. Mógrafir ekki mjög greinilegar, enda hefur hrunið úr gilbakkanum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hellishólar, 1



Deiliskipulagssvæði. Minjastaðir merktir inn á kort frá Landform.

5. Niðurstöður

Alls voru skráðir 20 minjastaður í eða við tún Hellishóla. Af þeim eru 15 í hinu forna túni en flestir staðirnir eru nálægt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. 3 staðir voru skráðir vegna nálægðar við framkvæmdir þótt þeir séu ekki inni á skipulagssvæðinu sjálfu; þetta eru mógrafir (**020**), býlið Gláma (**019**) og gömlu Fljótshlíðarréttir (**017**). Þá var gengið um allt skipulagssvæðið og það kannað með tilliti til fornleifa, annarra en þeirra sem vitað var um með hliðsjón af svæðisskráningu.

Merkust fornleifa innan skipulagssvæðisins er líklega bæjarhóllinn sjálfur (**001**). Þótt hann hafi verið mikið skemmdur af síðari tíma byggingum geymir hann vafalaust minjar um búsetu manna á Hellishólum allt frá lokum 16. aldar. Aðeins ein tóft (**003**) er sjáanleg í túninu og er hún utan gömlu túnmarkanna, á fyrirhuguðu húsbíla- og hjólhýsasvæði. Tóftin, sem er af fjárhúsi, er illa farin en þó full ástæða til að vernda hana áfram. Aðrar fornleifar eru fyrst og fremst útihús sem hafa verið sléttuð og nú sést hvorki tangur né tetur af á yfirborði (**002, 004, 005, 007, 008, 009, 010, 014**). Vel er hugsanlegt að einhverjar leifar þessara húsa leynist enn undir sverði. Sama má segja um brunn (**012**), túngarð (**011**) og traðir (**013**), en reyndar sést enn örla á hleðslu sem líklega tilheyrði tröðunum. Aðrir minjastaðir á svæðinu eru álagabletturinn Hulduhóll (**015**) og Hvílft (**016**), en hún er talin leifar manngerðs hellis. Þá lá gömul þjóðleið, Sandgötur (**018**), þvert yfir túnið og vottar enn fyrir þeim í gili vestan þess. Að lokum má þess geta að fyrir tveimur árum fannst forn og máður peningur úti í Grjótá sunnan bæjarins. Óljósar sagnir herma að hann hafi verið rannsakaður og talinn frá 11. eða 12. öld.

Nokkrir staðir eru í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Útihús **007** lendir að öllum líkindum undir bílastæði sunnan við fyrirhugað tjaldstæði. Útlit er fyrir að brunnstæði **012** fari undir veg og útihús **009** er í hættu vegna nálægðar við bæði veg og sumarhús. Þá eru hússtæði **010, 008** og **004** mjög nálægt framkvæmdasvæðum og teljast í hættu þótt ekki sé alveg víst að þau verði fyrir raski.

6. Tillaga um aðgerðir

- Lagt er til að fjárhústóft **003** verði ekki raskað á neinn hátt.
- Lagt er til að fornleifafræðingur verði láttinn fylgjast með þegar vegir verða lagðir nálægt úтиhússtæðum **007** og **009** og brunnstæði **012**.
- Lagt er til að tré verði ekki gróðursett nálægt stöðum þar sem vitað er að hús stóðu áður.
- Mælst er til þess að framkvæmdaraðilar láti Þjóðminjasafn vita ef fornleifa, s.s. hleðslna, verður vart í eða við bæjarhól.